

94

21. sept.

TILSKIPUN

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Hollands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Hollandi, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15 gr. laga um vörumerki, 13. nóvember 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

Þeir, sem í Hollandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Hollandi fyrir því, að vörumerkið njóta þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvikjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann húsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Hollandi.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Hollandi, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 frammannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsg. nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.